

III. KAFLI Námskeiðagjöld o. fl.

9. gr.

Umhverfissráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar námskeiðagjöld. Þau skiptast í staðfestingargjald, kennslugjald og prófgjald.

Staðfestingargjald greiðir þátttakandi er hann skráir sig á námskeiðið og er það óafturkræft þótt hann hætti við þátttöku.

Kennslugjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum eftir að kennsla hefst. Kennslugjald endurgreiðist vegna brottfalls úr námskeiði ef sérstakar ástæður mæla með.

Prófgjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum fyrir próf. Skal þátttaka óheimil í prófi nema hann hafi staðið skil á prófgjaldi.

Er það óafturkræft þótt þátttakandi þreyti ekki prófið.

Þeir er fengið hafa undanþágu frá prófi í einstökum þáttum námsefnisins skulu greiða hlutfallslegt prófgjald.

Við ákvörðun námskeiðagjalda skal miða við að nemendur greiði allan kostnað af námskeiði og prófi.

10. gr.

Prófnefnd skal fjalla um umsókn mannvirkjahönnuðar um löggildingu áður en hún er veitt.

11. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hrófla ekki við eldri rétti hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir bygginganefnd.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 4. gr. og við gildistöku reglugerðarinnar hafa lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, til að öðlast löggildingu skulu eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 48. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með breytingu nr. 135/1997 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 29. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ um innheimtu þingjalda á árinu 1998.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1997 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1998. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1998 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1.

gr., er honum bar að greiða á árinu 1997. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1997 en tekjuskatt, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1998 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskuldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli ára 1996 og 1997 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1996. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1998 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.